



Ársskýrsla 2025

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Apríl 2026

Ritstjórn: Erla Sigríður Ragnarsdóttir, skólameistari, og Júlía Jörgensen, aðstoðarskólameistari.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Talnafræði skólans.....	4
3. Skipulag Flensborgarskólans og helstu verkefni	6
4. Starfsmannatölfræði.....	10
5. Nemendatölfræði	12
6. Markmið og staða mála	16
7. Mat – Ytra.....	19
8. Mat – Innra	22
9. Verkefni	28
10. Afkoma – rekstrarstaða.....	31
11. Brotthvarf og námsárangur	33
12. Skólaþróunarverkefni	36
13. Ýmis mál	37
14. Samvinna við aðrar stofnanir	41
15. Lokaorð skólameistara	42

1. Inngangur

Árið 2025 var gott ár í sögu Flensborgarskólans. Aðsókn að skólanum var áfram góð og hópur nýnema sem innritaðist í skólann á haustönn 2025 óvenju stór. Það er ávallt gleðilegt þegar straumur nemenda liggur til skólans og hlýtur að bera góðu skólastarfi merki.


Skólastarfið var fjölbreytt á árinu og verður því gerð skil hér á næstu síðum. Yfirlit yfir starfsemi skólans sýnir að verkefnin eru mörg og listinn því langur enda er Flensborgarskólinn lifandi skólasamfélag fyrir um 750 nemendur og starfsmenn þegar mest er. Þá er gaman að segja frá því að vel hefur gengið að vinna að flestum þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér, sbr. helstu árangursmælingar í skólastarfinu, svo sem mælingar á bekkjarkerfi á fyrsta ári, gæðum skólaþróunarverkefna, brottfalli, kennslumats o.fl. Þá náðist einnig mikilvægur áfangi í rekstrarumhverfi skólans. Upplýsingar um námskrá og stefnu skólans má finna á heimasíðu, www.flensborg.is.

Þá var afmæli skólans eftirminnilegt á árinu en skólinn fagnaði 143 ára starfsafmæli sínu. Af því tilefni heimsótti forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, skólann auk þess sem hún vígði fyrstu útikennslustofu landsins við framhaldsskóla.

2. Talnafræði skólans

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hefur það hlutverk, samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, að taka á móti ungu fólki sem lokið hefur grunnskóla og finna því nám við hæfi. Kjarnastarfsemi skólans felst því í að veita kennslu og mennta það unga fólk sem skólann sækir.

Skólinn er bóknámsskóli og býður upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs, auk starfsbrautar, sem ætluð er nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námsörðugleika. Innan brautanna er einnig hægt að velja svið; alþjóðasvið (*sem var í fyrsta sinn boðið upp á á haustönn 2025*), íþróttafrekssvið, listasvið, félagslífssvið og tæknisvið, en liðlega helmingur nemendahópsins á starfsárinu 2025 er skráður á svið. Flestir þeirra velja sér íþróttafrekssvið, eða 237 nemendur á vorönn 2025 og 271 nemandi á haustönn 2025. Einnig býður skólinn upp á nám, svokallaða ÍSAN-námsleið, fyrir nemendur sem koma erlendis frá, flóttamenn og/eða hælisleitendur, Bæjarbrú - nám fyrir sterka námsmenn í 10. bekk grunnskóla bæjarins og nám og þjónustu fyrir nemendur sem koma með greiningar um námserfiðleika til skólans eða standa illa að vígi við upphaf skólagöngunnar. Nemendur voru alls 1307 á árinu, að meðaltali 654 nemendur á önn; 601 á haustönn og 706 á vorönn (*sjá nánar í töflu 2.1 um fjölda nemenda í skólanum 2018-2025.*)



Húsnæði skólans er óbreytt frá síðasta ári, fyrir utan hefðbundið viðhald að utan og innan. Heildar flatarmál húsnæðis skólans á Hamrinum eru 7.116 fermetrar en að auki kaupir skólinn aðgang að íþróttahúsinu við Strandgötu, á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Þá leigir skólinn út ýmsa aðstöðu skólans, svo sem aðgang að kennslueldhúsi til grunnskóla bæjarins, kennslustofur til félagasamtaka og hátíðarsal til veisluhalds. Þá er skólinn í samstarfi við Flugskóla Reykjavíkur um aðstöðu til bóklegrar kennslu í flugnámi. Flugskóli Reykjavíkur leigir eina kennslustofu af skólanum og kennir einn valáfanga í flugfræðum fyrir nemendur Flensborgarskólans.



3. Skipulag Flensborgarskólans og helstu verkefni

Stjórnendur

Skólameistari: Erla Sigríður Ragnarsdóttir

Aðstoðarskólameistari: Júlía Jörgensen

Áfangastjóri: Árni Stefán Guðjónsson

Fjármálastjóri: Einir Tyrfingsson

Skólanefnd Flensborgarskólans er svo skipuð (frá 16. nóvember 2021):

- Daníel Scheving Hallgrímsson, formaður
- Snædís Ögn Flosadóttir
- Ingvar Viktorsson
- Hafdís Inga Helgudóttir Hinriksdóttir
- Sunna Magnúsdóttir

Varamenn nefndarinnar eru:

- Áslaug María Jóhannesdóttir
- Árni Freyr Guðnason
- Skarphéðinn Orri Björnsson
- Anna Kristín Jóhannesdóttir

Áheyrnarfulltrúi kennara:

- Árni Sverrir Bjarnason á vorönn en Sigurrós Á. Gunnarsdóttir á haustönn

Áheyrnarfulltrúi nemenda:

- Aðalbjörg Emma Hafsteinsdóttir, vorönn 2025, Kristófer Kári Ólafsson, haustönn 2025, bæði oddvitar Nemendafélags Flensborgarskólans

Áheyrnarfulltrúi foreldrafélagsins:

- Ekkert foreldri sat fundi á skólaárinu



Yfirstjórn

Skólameistari ber ábyrgð á rekstri skólans eins og lýst er í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Dagleg stjórn er í höndum skólameistara en honum til aðstoðar eru aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Að auki er skólanefnd milliliður menntamálaráðuneytis og skólameistara. Þá hefur skólameistari skólaráð sér til aðstoðar um ýmis málefni. Sameiginlega fylgja þessir aðilar lögum og reglugerðum um framhaldsskóla, námskrá, reglum um skólastarfið og fleiru sem tryggir að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga að fá.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og hefur sérstaklega með að gera utanumhald með skólasókn nemenda, sér um umsjón með útskriftarnemendum og heldur utan um brautskráningarathöfn, innra mat, og hefur aðkomu að gerð áætlana og innleiðingu stefnu.

Áfangastjóri hefur sérstaklega með að gera skipulag skólastarfs, námsferla nemenda og gagnaskráningu.

Fjármálastjóri sér um fjárhagsbókhald skólans, greiðir reikninga og sér um innheimtu, hefur með áætlanagerð að gera og annast launabókhald skólans ásamt skólameistara.

Aðrir stjórnendur með mannaforráð:

- Forstöðumaður á starfsbraut er sviðsstjóri hennar og sér um námsskipulag nemenda brautarinnar, skiptingu kennslu og gerð stundatöflu.
- Forstöðumaður mötuneytis sér um rekstur mötuneytis, opnun o.s.frv.

Umsjónarmaður fasteigna sér m.a. um öryggismál, viðhald húsnæðis, sér um að opna og loka og umsjón með ýmsum rekstrarþáttum í samstarfi við ræstiaðila og mötuneyti skólans. Þá er starfandi skrifstofustjóri sem heldur utan um helstu verkefni á skrifstofu skólans.

Á vorönn 2025 voru fagstjórar 9 talsins en 8 á haustönn 2025. Fagstjórar sjá um fagleg málefni kennslunnar í þessum greinum skv. nánari lýsingum; í íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku (sameinað þriðja tungumáli að hausti) og íþróttum, þriðja tungumálinu, félagsgreinum, raungreinum, viðskiptagreinum og starfsbraut.

Árið 2025 voru eingöngu verkefnastjórar á íþróttafrekssviði og í verkefninu um heilsueflandi framhaldsskóla.

16 starfsmenn eru stundakennarar eða verktakar, flestir tengdir íþróttafrekssviði, eða 11 alls. Tölvuþjónusta er keypt af OK (Opin kerfi) en tölvukerfi skólans er keyrt í gegnum Menntaský stjórnarráðsins. Ræsting er keypt af Sólar ehf.

Sálfræðihúsið Bæjarhrauni hefur séð um sálfræðiþjónustu við nemendur frá og með hausti 2019. Nemendum er boðið upp á þrjá sálfræðitíma þeim að kostnaðarlausu og gagnast það fyrirkomulag vel. Þá er einnig boðið upp á þjónustu hjúkrunarfræðings í húsi tvo morgna í viku. Viðvera hans er hluti af samstarfverkefni heilbrigðisráðuneytisins og barna og menntamálaráðuneytisins og er á vegum Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan er einkum og sér í lagi miðuð að stuðningi við geðheilbrigði ungs fólks og í forvarnarskyni.

Hér má sjá yfirlit yfir helstu verkefni Flensborgarskólans í daglegri umsýslu hans:



4. Starfsmannatölfræði

Á árinu 2025 störfuðu að meðaltali 70 starfsmenn við skólann og var fjöldi starfsgilda 66. Fimm starfsmenn létu af störfum við skólann á árinu, þar af létu þrjú starfsmenn af störfum fyrir aldursakir. Meðalaldur starfsmanna á þessu ári var 52,3 ára, sem er örlítill hækkun á milli ára.

Taflan 4.1 hér fyrir neðan sýnir fjölda starfa og fjölda starfsmanna sem sinnir störfum á viðkomandi starfsstöð, ekki starfshlutfall. Þá sýnir tafla 4.2 og 4.3 kynjahlutfall í starfsmannahópnum og aldur.

Starfsheiti	V2022	H2022	V2023	H2023	V2024	H2024	V2025	H2025
Bókasafn (þjónustusvið)	2	1	1	1	1	1	1	0
Fjármálastjóri (þjónustusvið)	1	1	1	1	1	1	1	1
Framhaldsskólakennarar (kennslusvið)	57	56	56	58	58	52	54	52
Mötuneyti (þjónustusvið)	4	4	4	3	3	3	3	3
Nemendabjónusta (þjónustusvið)	3	3	3	3	3	3	3	3
Skrifstofa (þjónustusvið)	2	2	2	2	2	2	2	1
Stuðningsfulltrúar (þjónustusvið)	7	6	5	5	3	2	2	3
Proskabjálfi (þjónustusvið)	1	1	1	1	1	1	1	1
Tölvuumsjón (þjónustusvið)	2	1	1	1	0	0	0	0
Umsjónarmaður fasteigna (þjónustusvið)	1	1	1	1	1	1	1	1
Yfirstjórn (stjórnun)	5	4	4	3	3	3	3	3
Alls	85	80	76	79	76	70	71	67

Á árinu 2025 störfuðu að meðaltali 68 starfsmenn við skólann og meðalaldur starfsmanna var 52,3 ár.

Kynjaskipting starfsfólks				
	Vor 2025		Haust 2025	
Svið	KK	KVK	KK	KVK
Kennslusvið	16	34	16	34
Nemendapjónusta	0	3	0	3
Þroskaþjálfari	0	1	0	1
Stuðningsfulltrúar	0	2	0	3
Yfirstjórn	2	2	2	2
Þjónustusvið	1	6	1	5
Alls	21	48	19	49

	VOR 2025		HAUST 2025	
Aldursbil	KK	KVK	KK	KVK
20 - 29	0	0	0	1
30 - 39	6	3	5	3
40 - 49	5	9	5	10
50 - 59	5	20	2	19
60 - 69	5	16	6	15
SAMTALS	21	48	18	49

Eins og áður segir voru að auki 16 verktakar við störf á árinu 2025, flestir tengdir íþróttafrekssviði eða alls 11 íþróttapjálfarar. Aðrir voru stundakennara, t.d. við leiklist, jógakennslu, myndvinnslu og fleira.

- Þar sem starfsheiti hjá starfsmanni fellur að hluta til undir kennslu og að hluta undir annað starfsheiti (t.d. nemendapjónustu) er farið eftir starfsheiti þar sem starfshlutfall er hærra.

-
- Á vorönn 2025 voru fjórir starfsmenn í námsleyfi og sex í veikindaleyfi. Á haustönn 2025 voru tveir starfsmenn í námsleyfi og fjórir í veikindaleyfi.
 - Tveir starfsmenn létu af störfum fyrir aldurs sakir.
 - Starfsmannavelta var 3,7% á árinu.

5. Nemendatölfræði


Eins og áður hefur komið fram voru nemendur 601 á vorönn 2025 en 706 nemendur hófu nám við Flensborgarskólann haustið 2025, alls 654 að meðaltali. Taflan hér fyrir neðan útlistar nákvæmlega skiptingu nemendahópsins á milli brauta og þeirra undirsviða sem nemendur eru á, þ.e. alþjóðasvið, félagslífssvið, íþróttáafrekssvið, listasvið og tæknisvið.

Hér má sjá að nemendum á starfsbraut fjölgar um sex á milli anna. Undanfarin ár hafa almennir nemendur farið beint inn á eina af brautunum fjórum og tekið síðan sérstaka undirbúningsáfangu í kjarnagreinum eftir þörfum og hefur þetta fyrirkomulag reynst afar vel. Það er jákvætt að sjá að fjölmargir nemendur kjósa að velja sér svið innan brauta sinna, eða rúmlega helmingur nemendahópsins á hvorri önn fyrir sig. Þá er líkt og vanalega góður hópur nemenda úr grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar sem sækir Bæjarbrúna á 10. Bekkjarbraut, 48 nemendur á vorönn og 52 nemendur á haustönn.


Braut	Heiti brautar	Deild	2025V	2025H
10.bek	10.bekkur	Félagsfræðigreinar	48	52
FÉLA	Félagsvísindabraut (2015)	Félagsfræðigreinar	30	40
FÉLA-A	Félagsvísindabraut (2015) alþjóðasvið	Félagsfræðigreinar	0	7
FÉLA-F	Félagsvísindabraut (2015) félagslífssvið	Félagsfræðigreinar	11	12
FÉLA-Í	Félagsvísindabraut (2015) íþróttáfrekssvið	Félagsfræðigreinar	30	24
FÉLA-L	Félagsvísindabraut (2015) listasvið	Félagsfræðigreinar	6	3
FÉLA-T	Félagsvísindabraut (2015) tæknisvið	Félagsfræðigreinar	0	0
OPIN	Opin námsbraut (2015)	Félagsfræðigreinar	148	167
OPIN-A	Opin námsbraut (2015) alþjóðasvið	Félagsfræðigreinar	0	8
OPIN-F	Opin námsbraut (2015) félagslífssvið	Félagsfræðigreinar	15	12
OPIN-Í	Opin námsbraut (2015) íþróttáfrekssvið	Félagsfræðigreinar	119	161
OPIN-L	Opin námsbraut (2015) listasvið	Félagsfræðigreinar	8	11
OPIN-T	Opin námsbraut (2015) tæknisvið	Félagsfræðigreinar	13	17
RAUN	Raunvísindabraut (2015)	Raungreinar	19	19
RAUN-A	Raunvísindabraut (2015) alþjóðasvið	Raungreinar	0	0
RAUN-F	Raunvísindabraut (2015) félagslífssvið	Raungreinar	1	2
RAUN-Í	Raunvísindabraut (2015) íþróttáfrekssvið	Raungreinar	36	42
RAUN-L	Raunvísindabraut (2015) listasvið	Raungreinar	2	3
RAUN-T	Raunvísindabraut (2015) tæknisvið	Raungreinar	4	5
ST1	Starfsbraut 1 og 2	Félagsfræðigreinar	28	34
VIHA	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019)	Viðskiptagreinar	22	31
VIHA-A	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) alþjóðasvið	Viðskiptagreinar	0	3
VIHA-F	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) félagslífssvið	Viðskiptagreinar	4	4
VIHA-Í	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) íþróttáfrekssvið	Viðskiptagreinar	52	44
VIHA-L	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) listasvið	Viðskiptagreinar	1	0
VIHA-T	Viðskipta- og hagfræðibraut (2019) tæknisvið	Viðskiptagreinar	4	5
Samtals:			601	706

Á næstu töflu má sjá hvernig nemendur skólans skipast niður á brautir, en þar sker opna námsbrautin sig töluvert frá hinum, með liðlega 50% nemendahópsins á báðum önnum. Nemendur á félagsvísindabraut og viðskipta- og hagfræðibraut eru í svipuðu hlutfalli á


milli anna á meðan nemendur á raunvísindabraut og starfsbraut eru hlutfallslega jafn margir. En líkt og fram kom í yfirlitstöflunni hér að ofan, fjölgaði engu að síður nemendum á öllum brautum skólans á milli anna á skólaárinu 2025.



Á næstu töflu má sjá hlutfallslega skiptingu nemenda á svið skólans, þ.e. alþjóðasvið, félagslífssvið, íþróttafrekssvið, listasvið og tæknisvið. Þar sést vel að íþróttafrekssviðið er langfjölmennasta svið skólans, með tæplega 80% af þeim nemendum sem velja sér svið, en í heildina eru rétt um fjórir af hverjum tíu nemendum Flensborgarskólans á íþróttafrekssviði. Þar á eftir kemur félagslífssvið með rétt um 10% nemenda á sviðum og þar á eftir eru svo tæknisvið og listasvið. Nýjasta svið skólans, alþjóðasvið, er svo byrjað að taka til sín nemendur og vonir standa til um að það muni eflast enn frekar á komandi öðrum.



Hópum í kennslu fækkaði örlítið á milli ára en á vorönn 2025 voru áfangar í kennslu alls 109 og 116 á haustönninni, en fjöldi hópa á haustönn 206 og 175 á vorönn. Hér fyrir neðan, í töflu 5.3 má sjá yfirlit yfir fjölda áfanga sem kenndir hafa verið frá árinu 2018:




6. Markmið og staða mála

Líkt og komið hefur fram þá hefur Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, líkt og aðrir framhaldsskólar, það hlutverk samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 að taka á móti móti ungu fólki sem lokið hefur grunnskóla og finna því nám við hæfi. Hlutverk skólans eru nánar skilgreind í lögnum þar sem huga þarf að því að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Það er gert með því að:



Flensborgarskólinn hefur leitast við að framfylgja þessari skilgreiningu náms samkvæmt lögum og hefur það að markmiði sínu að vinna að hugmyndafræðinni *Menntun til farsældar*, sjá nánar í stefnu skólans á flensborg.is. Með því er lögð er áhersla á gróskuhugarfar, skuldbindingu nemenda í námi, metnaðarfullt námssamfélag og almenna vellíðan í skólastarfinu. Árið 2022 varð sú breyting á námsskipulagi við skólann að nýnemar taka fyrsta árið í bekkjarkerfi. Þar sameinast allar áherslur í hugmyndafræði skólans auk þess sem lögð er mikil áhersla á að efla tengslamyndun á milli nemenda og veita þeim góðan stuðning og utanumhald.



Samkvæmt stefnu skólans, sem gefin var út á 138 ára afmæli skólans árið 2020, hafa nemendur og starfsfólk skólans *framsækni, metnað og farsæld* að leiðarljósi. Markmið skólastefnunnar eru fjögur; áðurnefnd menntun til farsældar, að kennsluhættir og námsskipulag séu fjölbreyttir, að bjóða öflugra stuðþjónustu, að nemendur fái hvatningu til að temja sér góð vinnubrögð, að námskrá skólans sé sveigjanleg og að námsframboð sé fjölbreytt. Einnig hefur aukin áhersla verið lögð á námssamfélagið sem slíkt, að nemendur séu komnir í skólann til að læra, þroskast og gleðjast. Umsjónarkennslan, eða *Hámark* eins og það er kallað, er hornsteinn slíks samfélags. Þar er lögð áhersla á góða mætingu og að nemandinn sé virkur í sínu námi.

Markmið skólastefnunnar eru fjögur; menntun til farsældar, framsækni, kennsluhættir og námsskipulag, öflug stuðþjónusta og hvatning til nemenda, sveigjanleg námskrá og fjölbreytt námsframboð.

Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda sem snúa meðal annars að fjölbreyttu námsframboði og að fleiri nemendur ljúki námi á tilsettum tíma. Þar hefur skólinn sett sér þrjú markmið; að halda áfram að vinna gegn brottfalli í Flensborgarskólanum, til dæmis með því að styðja betur við nemendur í gegnum Hámark á fyrsta ári og að efla ástundun og skuldbindingu nemenda. Einnig að sækja fram í kennsluháttum og stefna enn frekar að verkefnaþíðu námi líkt og kemur fram í stefnu skólans.

Þegar litið er til rekstrarþátta er áfram lögð áhersla á að finna jafnvægi í rekstri skólans og vinna að hagkvæmni í rekstrarumhverfinu, t.d. með því að greina rekstur brauta og þá samninga sem skólinn hefur skuldbundið sig við og snýr að þjónustustigi skólans. Einnig að fylgjast vel með kjarapróun starfshópa stofnunarinnar, t.d. með því að endurskoða stofnanasamninga og huga að virkri jafnlaunastefnu í gegnum jafnlaunavottun stofnunarinnar. Þá er einnig lögð áhersla á að huga að starfsánægju og að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Það er því ljóst að helstu áherslur skólustarfsins kallast ágætlega á við helstu áherslur í menntastefnu stjórnvalda og er það vel.

7. Mat – Ytra

Á árinu 2025 fór í gang endurskilgreint ytra mat á vegum Mennta- og barnamálaráðuneyti en síðast fór ytra mat á skólanum fram árið 2018. Þegar þetta er skrifað er enn er verið að vinna úr helstu niðurstöðum ytra matsins og á sama tíma er einnig verið að greina helstu tækifæri úr öðrum matstækjum sem snúa að skólasterfinu. Gerð verður grein fyrir því helsta sem kom fram í öðrum matstækjum í ytra mati skólans á árinu 2025 hér fyrir neðan en Flensborgarskólinn tekur þátt í ýmsum ytri könnunum, bæði er varða skólasterfið og starfsemi stofnunarinnar sem slíkrar.

Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samstarfi við Sameyki. Flensborgarskólinn kom vel út úr matinu vorið 2023, eftir mikla vinnu bæði rýnihópa og starfsmannahópsins alls. Þá lækkaði matið árið 2024 og aftur á þessu ári, 2025, eða úr 3,84 í 3,76 (-0,08). Munurinn er því ekki marktækur á milli ára þó alltaf sé mikilvægt að rýna niðurstöðurnar vel. Þeir þættir sem lækkuðu mest lutu að *starfsanda* (-0,27) og *vinnuskilyrðum* (-0,16) en eini þátturinn sem hækkaði mest á milli ára var *launakjör* (+0,27). Aðrir þættir lækkuðu óverulega á milli ára. Haldið verður áfram að hlúa að starfsandanum og helstu þáttum gæðastarfs en nefna má að þegar litið er til heildarmats sambærilegra stofnana, mældust þær með 4,23, enda meta stjórnendur það svo að enn séu tækifæri til að gera betur. Heildarmat allra stofnana sem metnar voru var 4,13. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru fyrst kynntar í tölvupósti til starfsmanna en fljótlega var ákveðið að slá umbótavinnu hvað Stofnun ársins varðaði við umbótavinnu sem farið yrði í í tengslum við ytra mat skólans og greina þannig heildstætt þær helstu áskoranir sem stofnun stendur frammi fyrir.

**Heildarmat
Flensborgarskólans í
Stofnun ársins er 3,765
og lækkaði um 0,08 stig
á milli ára.**

Tafla 7.1 – Yfirlit yfir þætti sem könnunin
Stofnun ársins byggir á

- Ánægja og stolt
- Ímynd stofnunar
- Jafnrétti
- Launakjör
- Sjálfstæði í starfi
- Starfsandi
- Stjórnun
- Sveigjanleiki í vinnu
- Vinnuskilyrði

Helstu niðurstöður Framhaldsskólapúlsins voru á margan hátt áhugaverðar fyrir skólann. Einnig ánægjulegar því í niðurstöðum ársins sást marktækur munur á líðan nemenda skólans og það til betri vegar. Fleirum nemendum líður almennt vel, fleiri eru hamingjusamari og þar eykst ánægjumælingin, eða hamingumælingin, um tæp 20% frá síðustu könnun og 10% í samanburði við aðra framhaldsskólanemendur. Þá mælast nemendur með aukið sjálfsálit samkvæmt könnuninni og meiri stjórn á eigin lífi og er þar líka marktækur munur á milli ára. Þá er marktækur munur á kvíða hjá nemendum á milli ára, svefnleysi mælist líka og einelti fer minnkandi á milli ára, áreitni og ofbeldi einnig. Þá eykst jákvætt viðhorf og hollusta gagnvart skólanum og rétt tæp 83% eru ánægð með skólann sinn og geta mælt með honum, eru stolt af skólanum og eiga vini í skólanum. Flestir nemendur samsama sig við aðra nemendur en þá virðist sem 10% nemenda standi

utan hópans og er það áhyggjuefni sem þarf að vinna með á næstu misserum. Nemendur Flensborgarskólans eru líka, meira en aðrir framhaldsskólanemendur, bundnir formlegum skyldum, í þá annað hvort tómsundum eða æfingum og munar þar um fjóra klukkustundir á viku. Þá dregur aðeins með nemendum skólans og öðrum framhaldsskólanemendum hvað varðar launaða vinnu, en þeir hafa hingað til, ár eftir ár, verið yfir meðallagi þegar kemur að fjölda vinnandi klukkustunda með skóla. Þá er hlutfall nemenda við skólann hátt sem hefur spjallað við spjallmenni – tæp 52% og það oft í viku og á þetta við töluvert fleiri en í öðrum framhaldsskólum. Þetta bendir því til að bregðast þurfi skjótt við varðandi samræmdar reglur og vinnulag varðandi notkun gervigreindar í námi nemenda.

8. Mat – Innra

Rík áhersla hefur verið lögð á að innra mat skólans á undanförunum árum. Í sjálfsmatsnefnd skólans árið 2025 sátu Erla Sigríður Ragnarsdóttir, skólameistari, sem jafnframt leiðir störf nefndarinnar, Júlía Jörgensen, aðstoðarskólameistari, Árni Stefán Guðjónsson, áfangastjóri, Unnar Örn Þorsteinsson, enskukennari, Anný Gréta Þorgeirsdóttir, jarðfræðikennari og Ásbjörn Friðriksson, stærðfræðikennari.

Tafla 8.1 sýnir þær kannanir sem lagðar voru fyrir sem hluti af innra mati árið 2025:

Yfirlit yfir kannanir á skólaárinu

Könnun	Lögð fyrir
Kennslumat	Lagt fyrir í lok anna bæði að vori og hausti
Viðhorfskannanir nýnema um bekkjarkerfi	Lagt fyrir bæði að vori og hausti
Könnun meðal útskriftarnema	Lögð fyrir að vori

Tafla 8.1

Niðurstöður kennslumats fyrir skólaárið eru góðar líkt og undanfarin ár og þegar markmið vor og haustannar 2025 eru tekin saman mælast þau öll á starfhæfu bili, rétt undir styrkleikabili (4,15). Áfram er því skólinn að ná markmiðum sínum í skólastarfinu. Nemendum líður á heildina litið vel, þeir eru ánægðir með samstarf og samskipti við kennara og almennt eru það jákvæð viðhorf sem einkenna skólastarfið.

Þó kennslumat komi almennt vel út, líkt og síðustu annir, má alltaf sjá vísbendingar um umbætur, hvort sem þær snúa að skólanum sjálfum, kennslunni eða nemendum sem hér stunda nám. Þær spurningar sem koma hvað síst út út úr kennslumati snúa helst að því hvort nemendum finnist námið sitt áhugavert eða ekki. Bæði framhaldsskólar og háskólar á Íslandi standa frammi fyrir þeirri áskorun að halda nemendum sínum áhugasömum og virkum í náminu. Það er mikið verkefni því ungt fólk þarf að sjá skýran tilgang með því sem gert er í kennslustundum til þess að vilja mæta. Flensborgarskólinn leggur áherslu á verkefnamiðað nám og kennarar reyna eftir bestu getu að virkja nemendur til þátttöku í kennslustundum, hvetja þá til sjálfstæðra vinnubragða og setja upp raunhæf verkefni sem tengir námið við veruleika nemenda. Þessi nálgun gengur oft vel en kennsluhættir og


námsmat eru í sífelldri endurskoðun hjá kennurum sem leggja sig fram um að mæta kröfum nemenda um fjölbreytta kennsluhætti og valfrelsi að hluta til í námsmati svo nemendur upplifi einnig að þeir hafi eitthvað um námið sitt að segja.



Áfram eru lagðar fyrir nýnema viðhorfskannanir um bekkjarkerfið sem mælast enn vel fyrir hjá nemendahópnum og koma nokkuð vel út á heildina litið. Kannanirnar eru lagðar fyrir tvisvar fyrir hvern bekk fyrir sig en þátttaka í könnunum var um 68% að vori en 70% að hausti. Hafa ber í huga að þarna eru tveir ólíkir nýnemahópar að svara.

Eins og áður er fyrst og fremst verið að kanna upplifun nemenda af því að vera í bekk, líðan þeirra skólanum og í kennslustofum, samskiptum innan bekkjarhópsins, vinnuanda í kennslustundum, umgengni og viðhorf til félagslífs innan skólans.

Niðurstöður gefa til kynna að nemendum líði vel í skólanum og þeir séu ánægðir með veru sína þar. Þeir upplifa flestir góðan anda í bekknum sínum og finnst nokkuð auðvelt að tjá sig innan hans þó einnig sé að finna sveiflur á milli bekkja hvað þetta varðar. Flestir bekkirnir upplifa góð samskipti á milli bekkjarfélaga og gefa til kynna að námsmenning sé góð.



Hér má sjá sterkustu og veikustu svör nýnemanna í könnun sem lögð var fram í nóvember 2025.

Flokkarnir mælast flestir á starfhæfu- eða styrkleikabili en nemendur nota einnig tækifærið til að benda á það sem vel er gert, hrósa fyrir ákveðna þætti og benda á það sem betur mætti fara í skólastarfinu.


Útskriftarnemar eru spurðir í aðdraganda útskriftar um viðhorf sitt til skólans almennt, kennslunnar sem þeir fengu, gæða menntunarinnar og aðstöðu almennt. Í heildina eru nemendur afar ánægðir með gæði menntunar innan skólans og þeir hafa góða reynslu af námsráðgjöf. Öll aðstaða hlýtur góða dóma hjá útskriftarefnum en þeir gagnrýna þó viðburði á vegum NFF sem er nokkuð algengt stef hjá útskriftarefnum sem eru mörg hver hætt að sækja í félagslíf nemendafélagsins þegar kemur að útskrift.





Námsmat er afar mikilvægur hluti af sjálfsmati skóla og hefur Flensborgarskólinn fylgst vel þróun námsmats og einkunnna Að þessu sinni stendur meðaleinkunn nemenda við Flensborgarskólann í stað, er áfram 6,8, sjá nánar á þróun á námsárangri á töflu


8.3 hér fyrir neðan.



Hæstu einkunnirnar eru hjá nemendum raunvísindabrautar (7,6), og viðskipta- og hagfræðibrautar 7,3. Þá koma nemendur á félagsvísindabraut næstir með 6,8 í meðaleinkunn. Lægsta meðaleinkunn á stúdentsbraut er á opinni braut skólans (6,4). Þá eru nemendur Bæjarbrúar, en þeir taka alls fjóra áfanga á skólaárinu (stæ og ens), með 8,7 að meðaltali og nemendur á starfsbraut með 7,4. Nemendur á ÍSAN námsleið eru með um 6,0 í meðaleinkunn en þeir taka um 20-22 einingar á önn.

Úrsögnum úr áföngum fjölgaði örlítið á milli ára en að sama skapi hefur þeim fækkað sem hætta alfarið námi við skólann. Þetta þýðir að fleiri nemendur ljúka námi og tæp 70%

þeirra ljúka námi orðið í dag á þremur árum. Gera má ráð fyrir að mikið utanumhald um nemendur á fyrsta ári í bekkjarkerfi skipti þarna sköpum, sem og skuldbinding nemenda við námið og fylgni þeirra við námsbraut. Í því samhengi má benda á að brotthvarf nýnema við Flensborgarskólann, samkvæmt árlegu mati barna- og menntamálaráðuneytisins, er enn undir meðaltali, eða 3,1% á skólaárinu 2022-2023, miðað við 4,3% á landsvísu en sjá má þróun brotthfalls nýnema á undanförunum árum á töflu 8.4 hér fyrir neðan. Þar má greinilega sjá að grettistaki hefur verið lyft af þessum málaflokki.



Starfsmannasamtöl voru með sambærilegu sniði árið 2025 og verið hefur undanfarin ár. Starfsmönnum er boðið upp á starfsmannasamtal þriðju hverja önn og eru samtöl starfsfólks kennsluviðs tengt við niðurstöður kennslumats. Niðurstöður starfsmannasamtala gefa til kynna að starfsánægja sé almennt góð og sé að styrkjast. Kennslumatið kom vel út hjá stærstum hluta hópsins. Einnig var rætt um tækifæri til starfsþróunar, svo þróunar nýrra áfanga, verkefnastjórnunar, fyrirhuguð starfslok þar sem það átti við ofl. Fram kom í viðtölum að almennt er starfsfólk ánægt í starfi og líður vel í Flensborgarskólanum.

Vinna með umbótaáætlun innra mats síðasta árs gekk vel eins og áður með góðu utanumhaldi og hefur langflest komið til aðgerða. Stærstu umbótaliðir eru komnir vel á veg og er jafnvel lokið í bili þó aðrir séu í stöðugri vinnslu. Umbótaþættirnir snúa að því

að efla skólastarfið, endurskoða námsskrá, efla skuldbindingu nemenda, auka gæði náms, endurskoða námsskrá, betrumbæta aðstöðu til skólastarfs og styrkja frekar starfsanda innan stofnunarinnar. Almennt ganga verkefni vel í vinnslu en innra starf skólans er í sífældri endurskoðun bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Stærstu verkefni snúa eftir sem áður að nemendum sjálfum; að þeir skuldbindi sig námi, sinni því vel og taki virkan þátt í skólastarfinu.

Af þessu má greina að sóknarfæri Flensborgarskólans eru fjölmörg. Þau eru lögð fram í umbótaáætlun skólans fyrir hvert ár fyrir sig og hefur verið lagt kapp á að kynna hana vel fyrir starfsfólki, samræma hana við aðrar áætlanir og úttektir á skólastarfinu. Í því felast næstu verkefni sjálfsmatsnefndar; að halda áfram markvissu mati á innra starfi skólans og fylgja umbótum vel eftir.

9. Verkefni

Verkefni skólans eru eins fjölbreytileg og þau eru mörg. Af mörgu er að taka en á árinu 2024 voru nokkur verkefni fyrirferðarmikil í skólastarfinu og verður gerð grein fyrir þeim hér fyrir neðan.



Flensborgarskólinn fékk haustið 2025 jafnlaunavottun staðfesta til ársins 2025 eftir að gerð var úttekt á launakjörum starfsmanna. Vottunarfyrirtækið BSI á Íslandi sá um úttektina en hún felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á launakjör kynjanna. Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar sýna að konur við Flensborgarskólann eru að meðaltali með 2,15% hærri laun en karlar bæði þegar kemur að heildarlaunum og 2% hærri en karlar þegar kemur að grunnlaunum. Niðurstöður þessar staðfesta að Flensborgarskólinn uppfyllir áfram þær kröfur sem lagðar eru fram samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og sýna fram á að jafnlaunakerfið sé hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum, enda hefur það nú verið sannreynt í fimmta sinn. Þegar horft er til fjölda starfsmanna í nefndum á vegum stofnunarinnar skólaárið 2025 – 2026 má sjá að konur eru þar í meirihluta en þátttaka karla er engu að síður góð og í takt við kynjahlutföll starfsfólks. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Það er ljóst að ákvarðanir um laun starfsfólks Flensborgarskólans fela ekki í sér kynbundna mismunun.



Verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla hélt áfram á skólaárinu en verkefnastjórar þess voru Eva Björk Jónudóttir og Dröfn Jónasdóttir. Skólinn tók þátt í Lífshlaupinu að venju og bauð starfsfólki upp á heilsueflingarstyrk auk þess að fá rafmagnshjól skólans að láni. Þá fór Flensborgarskólahlaupið fram í september en að þessu sinni var hlaupið til styrktar Píetasamtökunum sem fengu styrkinn afhentan formlega á afmæli skólans þann 1. október sl.



ríkisstofnanna og Grænfánaverkefnið eru verkefni sem áfram var unnið með á árinu. Lítið var fundað vegna Grænna skrefa en þó eru þar öll atriði komin til framkvæmda og áfram unnið með. Lögð hefur verið áhersla á að valdefla nemendur en á döfinni er herferð um flokkun á rusli og fleiri leiðir kannaðar til að virkja nemendur betur í góðri umgengni.



Grænfánaverkefni Landsverndar er leitt af umhverfisnefnd skólans, sem skipuð er bæði nemendum og kennurum. Umhverfisnefndin hefur unnið hörðum höndum að náttúruvernd og miðlun umhverfisvitundar undanfarin ár og flaggaði sínum fjórða fána á árinu. Verkefnið er alþjóðlegt og var þema þess árið 2025 *lýðheilsa*.



Unnið var að þróun rafræns kennsluumhverfis og keyptir OPTOMA skjáir, gagnvirkir kennsluskjáir, fyrir átta kennslustofur. Þá voru kennarar sendir á BETT sýninguna í London til að kynna sér notkun á skjáunum. Þá var einnig rafrænt prófaumhverfi, INSPERA, innleitt á árinu og stuðlað var að fræðslu um gervigreind, kosti hennar og galla, nýtingu í kennslu og helstu reglur um notkun hennar skrifaðar inn í stefnu skólans um akademísk heilindi. Auk þess að huga að þróun rafrænna háttá í kennslu var farið í það verkefni að innleiða samfélag meðal kennara, faglegt lærdómssamfélag, þar sem kennarar koma saman í samtali, læra hvert af öðru í viðleitni sinni til að ná betri árangri við kennslu. Áfram er haldið 2026 í að styrkja lærdómssamfélagið sem hluta af starfsþróun kennara og umbótum í skólastarfinu í heild sinni.



Auk endurtektarprófa sem framkvæmd voru í fyrsta skipti um áramótin, og komið er betur að hér í kafla um námsárangur, var einnig hugað að betra skipulagi á forfallaprófum innan kennslutímabils annarinnar.

Kennarar tóku sig saman um að tilgreina ákveðna tíma á önninni þar sem nemendum bauðst að taka hlutapróf og annað námsmat sem þeir höfðu misst af vegna veikinda á önninni. Stærsti hluti nemenda nýtti tækifærið og tók prófin á tilgreindum dögum sem létti talsvert á álagi meðal kennara í utanumhaldi forfallaprófa. Áfram verður haldið 2026 með þetta verklag.



Síðan haustið 2022 hefur námskrá skólans verið yfirfarin og ýmsar breytingar gerðar á námsbrautum. Allar breytingar hafa verið ræddar á bæði fagfundum og kennarafundum en m.a. varð breyting á einingafjölda til stúdentsprófs og einingar voru skilyrtar við ákveðin þrep auk þess sem kjarni brauta var styrktur. Árið 2025 var þessari vinnu að mestu lokið en eins og gefur að skilja er námskrá í stöðugri uppfærslu. Að þessu sinni var aðallega lokið við útfærslu á alþjóðasviði en í fyrsta sinn var boðið að velja um sviðið haustið 2025. Þá var áfram unnið með félagsgreina- og viðskipta- og hagfræðibraut og línur á opinni braut fullunnar og þá til undirbúningsvinnu á vorönn 2026.

10. Afkoma – rekstrarstaða

Rekstur skólans árið 2025 var áfram þungur þó að töluvert létti til og skilaði skólinn rekstrarhagnaði í fyrsta sinn í lengri tíma. Munar þar mestu um minni launa- og rekstrarkostnað vegna aðhaldsaðgerða en einnig héldu fjárheimildir skólans í við verðlagsþróun á árinu. Aukinn rekstrarkostnaður var óverulegur á árinu enda búið að velta öllum steinum til þess að skera niður og endurnýja samninga eins og kostur var. Þá var einnig leitað leiða til að auka sértekjur skólans, m.a. með leigu á húsnæði skólans (Hamarssal, kennslueldhús, stakar kennslustofur) og nú er greitt m.v. raunkostnað fyrir þátttöku í verkefnum um kennslu fyrir 10. bekk og íþróttafrekssvið sem unnið er í samstarfi við íþróttafélög á landinu. Launaliður stofnunarinnar hækkaði áfram á milli ára vegna kjarasamninga, þá aðallega kjarasamninga kennara. Á árinu 2025 var ársveltan kr. 1.491,6 milljónir, þar af beint framlag ríkisins kr. 1.468,5 milljónir og afkoma kr. 24,8 milljónir. Rekstrarstaða skólans er því jákvæð á rekstrarárinu 2025, en eignir skólans voru samtals 33,5 milljónir á árinu. Fjárfestingarheimild ársins var eingöngu notuð að hluta til

„Rekstrarstaða skólans var jákvæð á rekstrarárinu 2025, eða um 24 milljónir, eignir skólans eru samtals 33,5 milljónir.“

(vegna rekstrarvanda skólans) en þó var fjárfest í tölvu- og húsbúnaði og með skjákaupum, Optomaskjám, í nokkrar stofur skólans. Áfram er verið að skoða leiðir til að halda rekstrarumhverfi skólans góðu og innan fjárheimildar og er ljóst að huga þarf áfram vel að ársveltu ársins 2025 enda skólanum gert að spara verulega á árinu og skila rekstrarafgangi m.a. til að greiða niður uppsafnað rekstrartap fyrri ára. Fjárheimild skólans samkvæmt fjárlögum 2026 er 1.461 milljónir, og er þá miðað við heildarfjölda nemenda á því ári sé 610. Skólinn hefur verið tilbúinn til að taka að sér aukaverkefni á vegum ráðuneytisins á undanförunum árum en þeim verkefnum verður viðbótarfjármagn að fylgja, en að mati skólastjórnenda er rekstur starfsbrautar skólans áfram áhyggjuefni, en miðað við skilgreint fjárframlag til deildarinnar þá er ljóst að hún er, líkt og í öðrum

framhaldsskóla, rekin með halla frá ári til árs. Beiðni um leiðréttingu á fjárframlagi hefur verið komið á framfæri til ráðuneytis, einnig vegna ónógra kjarabóta á árinu 2025 (1,7m) og verðbóta vegna hækkandi húsaleigu til ríkisins.

11. Brotthvarf og námsárangur


Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hefur samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 það hlutverk að taka á móti ungu fólki sem lokið hefur grunnskóla og finna því nám við hæfi.

Eins og fram hefur komið þá telst brotthvarf við skólann lítið og hefur á síðustu árum, samkvæmt tölum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, hjá fyrsta árs nemum verið á pari við landsmeðalatali og/eða vel undir landsmeðaltali. Er þetta ánægjulegt, sérstaklega í ljósi þess að nemendahópur skólans er fjölbreyttur og með ólíkar þarfir. Leitt er að því líkum að bekkjarkerfi á fyrsta ári sé veigamikill þáttur í þessum niðurstöðum enda utanumhald mikið og stuðningur. Nemendur skólans eru á mjög mismunandi getu- og áhugastigi, auk nemenda með ýmiskonar fatlanir, erlendra nemenda, barna sem koma til landsins án fylgdar og/eða eru á flóttu.

Meðfylgjandi tafla (tafla 11.1) sýnir samanburð á fjölda einkunna sem gefnar voru frá starfsárinu 2020-2025. Ef við beinum sjónum okkar að starfsárinu 2025 má sjá að hlutfall úrsagna úr áföngum lækkar á milli ára og hefur haldist nokkuð stöðugt á milli ára. Úrsagnir eru fleiri á vorönn en að þessu sinni munaði töluvert á milli anna. Fall nemenda í áföngum hækkar á milli ára, þá sérstaklega á milli voranna en annars er fallprósentan á milli ára nokkuð sambærileg. Meðaleinkunn á vorönn 2025 var **6,9** en **6,7** á haustönn 2025.

Önn	Fjöldi gefinna einkunna	Meðaleinkunn	Hlutfall staðið	Hlutfall úrsagnir	Hlutfall fallið
2021	4244	7	86,6%	4,3%	9,1%
20202	5478	7,1	88,3%	2,7%	9,0%
20211	5228	6,9	82,4%	3,4%	14,2%
20212	5297	6,8	84,3%	5,3%	10,4%
20221	4650	6,7	84,4%	4,0%	11,6%
20222	5052	7,1	86,8%	2,4%	10,8%
20231	4644	7	81,8%	4,9%	13,3%
20232	5077	6,9	86%	1,8%	12,2%
20241	4564	6,7	82,3%	5,1%	11,9%
20242	5219	6,9	86,4%	1,2%	12,4%
20251	5333	6,9	84,6%	2,8%	14,2%
20252	4500	6,7	85,1%	3,3%	12,9%

Í eftirfarandi línuriti (tafla 11.2) er síðan hægt að sjá þróun úrsagna og falls í Flensborgarskólanum allt aftur til vorannar 2019. Þar er ánægjulegt að sjá að bæði fall og úrsagnir nemenda í áföngum hefur minnkað og er flestar annir undir meðaltali á þessu tímabili:



Í Flensborgarskólanum var í fyrsta skiptið boðið upp á endurtektarpróf fyrir nýnema í ákveðnum fögum í árslok 2025. Þar gafst nemendum í bekkjarkerfi tækifæri á að taka upp próf sem þau féllu í og fengu þar annað tækifæri til að halda í við bekkjarfélaga sína og fylgja hópnum áfram á vorönn. Samtals 35 nemendur þreyttu prófin, 63% nemenda stóðust prófin en 37% féllu í annað sinn. Þrír nemendur stóðust fleiri en eitt próf. Tölfræðina má sjá hér í töflu 11.3.

Áfangi	Lokið	Fall	Lokið %	Fall %
DANS1TO05	1	0	100%	0%
DANS2FD05	2	1	67%	33%
EFNA2AM05	2	3	40%	60%
STÆR1AR05	8	5	62%	38%
STÆR2AF05	5	2	71%	29%
STÆR2HG05	4	2	67%	33%
Samtals:	22	13	63%	37%

12. Skólaþróunarverkefni

10 starfsmenn hlutu styrki til starfsþróunar á árinu 2025 í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

Skólinn stóð fyrir skólaþróunarverkefni bæði á vor- og haustönn 2025. Auglýst var eftir styrkjum fyrir vorönn 2025 á haustönn 2024 og fyrir haustönn 2025 á vorönn 2025. Það starfsfólk sem vann að skólaþróunarverkefnum á árinu skilaði inn skýrslum um verkefnin.

Eftirfarandi skólaþróunarverkefni voru unnin árið 2025:

Vorönn 2025:

- Borghildur Sverrisdóttir - þróun áfanga í auglýsingasálfræði
- Kjartan Guðmundsson - þróun áfanga í fjölmiðlafræði
- Styrmir Reynisson, Þórdís Lilja Þórsdóttir og Bjarni Þ. Hallfreðsson – þróun á áfanga í mannkynssögu

Haustönn 2025:

- Díanna Sigurðardóttir - þróun áfanga í FABLAB
- Dröfn Jónasdóttir - núvitundarnámskeið
- Elín Ragna Þorsteinsdóttir – núvitundarnámskeið
- Örlygur Axelsson og Kjartan Guðmundsson – þróun á áfanga í félagsfræði

Öll skólaþróunarverkefni gengu í heildina vel og það starfsfólk sem tók þátt í verkefnum var ánægt með verkefnið og tækifærið sem fæst með þátttöku í verkefnum til endurmenntunar. Afrakstur verkefnanna hefur jákvæð og góð fagleg áhrif á skólastarfið í heild.

13. Ýmis mál



Áfram héldu nemendur merki skólans á lofti með starfi sínu á árinu. NFF var undir stjórn Aðalbjargar Emmu Hafsteinsdóttur vorið 2025 og Kristófers Kára Ólafssonar haustið 2025. Félagslíf nemenda var með besta móti á árinu með böllum og öðrum viðburðum líkt og vanalega. Í upphafi haustannar tók ný stjórn NFF tók vel á móti nýnemum við skólann og bauð í ferð til Þorlákshafnar með tilheyrandi skemmtun. Nýnemadansleikur var svo haldinn 10. september í Gamla bíói. Hann var vel sóttur og nemendur ánægðir með kvöldið. Árshátíð nemenda var einnig haldin í Gamla bíó með vorinu. Leikfélag skólans frumsýndi verk í aðdraganda árshátíðar, Með allt á hreinu, undir leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar. Einnig voru minni viðburðir eins og handboltaleikir sem sýndir voru á stóra skjánum í Hamarssal, Ofurskálavaka auk þess sem nemendur héldu úti dagskrá í skipulögðu fundahléi á miðvikudögum allt skólaárið.



Nemendur gerðu víðreist á árinu en nemendahópar fóru í umsjá kennara til Berlínar, Kaupmannahafnar og Madrid. Tvær síðastnefndu ferðirnar eru tengdar áföngum í

tungumálakennslunni en ferðin til Berlínar var á vegum sögudeildar og snéri að því að kynna nemendum söguslóðir helfarar og síðari heimsstyrjaldar.



Flensborgarhlaupið var haldið í september og ágóði þess rann til Píeta samtakanna. Fjöldmargir hlauparar tóku þátt og voru aðstæður til hlaups afar góðar, stillt veður og sólarlaust. Hlaupið var frá Strandgötu að þessu sinni en áfram var boðið upp á 3, 5 og 10 km hlaupaleiðir. Það gladdi líka að sjá hversu margir sjálfboðaliðar, bæði úr hópi starfsfólks og nemenda, komu að allri vinnu við hlaupið og gerðu sitt besta til að skapa skemmtilegar aðstæður til hlaups, hvort sem það var að manna grillin eða skrá keppendur til hlaups.





Þá var afmæli skólans eftirminnilegt á árinu en skólinn fagnaði 143 ára starfsafmæli sínu. Af því tilefni heimsótti forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, skólann auk þess sem hún vígði fyrstu útikennslustofu landsins við framhaldsskóla. Þá var styrkurinn vegna Flensborgarshlaupsins afhentur auk þess sem bæði nemendur og starfsfólk skólans fengu fyrirlestur um mikilvægi gæðasvefns. Þá fengu gestir og gangandi að gæða sér að ís í lok dagskrár.



Flensborgarskólinn hefur því hlutverki að gegna að halda utan um fræðslusjóð Jóns Þórarinssonar. Veitt er úr sjóðnum einu sinni á ári, á brautskráningu um jól, en árið 2025 hlaut styrkinn Þóra Nanna Jónasdóttir, kandiðatsnemi í læknávisindum við Háskólann í Kaupmannahöfn. Rannsókn hennar byggir á notkun segulómmynda og samanburði á rúmmáli

heilahólfa til þess að geta stutt við betri skilning á taugahrönnunarsjúkdómum, eðli þeirra og þróun.

Útskriftarnemendur gáfu einnig af sér og héldu þeirri hefð að gefa gjöf í tilefni útskriftar og styðja við gott málefni. Á haustönn 2025 styrktu útskriftarnemendur Píeta samtökin með styrk í nafni hópsins.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir þá styrki sem skólinn fékk á árinu 2025 til ýmissa verkefna. Má þar nefna styrki vegna Flensborgarhlaupsins og styrki til nemenda á útskrift skólans.

Tafla 13.1 – Yfirlit yfir styrki til skólans

Styrkir árið 2025	Upphæð
Hafnarfjarðarbær v/Flensborgarhlaups	150.000
Landsbankinn v/Flensborgarhlaups	60.000
KFC v/Flensborgarhlaups	150.000
Rannís SEF styrkur	600.000
Styrkur frá Rio Tinto	200.000
Hafnarfjarðarbær vegna Bæjarbrúar	4.000.000
Samtals	5.160.000

14. Samvinna við aðrar stofnanir

Samstarf skólans við hinar ýmsu stofnanir er margþætt. Fyrst ber að nefna öflugt samstarf og gagnlegt samtal um rekstrarmál við ráðuneyti Mennta- og barnamála. Einnig má nefna fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðarbæjar, en við það á skólinn margvíslegt samstarf er snýr að farsæld nemenda, ekki síst hvað varðar hælisleitendur og flóttafólk. Í farsældarvinnu standa vonir til þess að þetta samstarf aukist, bæði innan Hafnarfjarðar og í öðrum sveitarfélögum en nemendur Flensborgarskólans koma víða að.

Bæjarbrúin er svo samstarfsvettvangur skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, grunnskóla bæjarins og Flensborgarskólans um kennslu áfanga í stærðfræði og ensku á framhaldsskólastigi. Að þessu sinni kom Hafnarfjarðarbær að rekstrarumhverfi þessa úrræðis með styrk vegna kostnaðar og er það vel.

Þegar kemur að náminu ber fyrst að nefna samstarf Flensborgarskólans við FG og Fjölbrautarskóla Suðurnesja um ýmis mál. Formlegu samstarfi um ráðgjafa í rafrænum kennslulausnum lauk á haustmánuðum 2022 enda margt áunnist í rafrænu kennsluumhverfi á fyrri árum heimsfaraldri. Skólinn er einnig í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands varðandi skiptikennslu á haustönn, í gagnlegu samtali við aðra bóknámsskóla á höfuðborgarsvæðinu og við Háskólann í Reykjavík um starfsþróun kennara.

Skólinn starfar einnig með Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli. Þá er náið samstarf við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og aðildarfélag þess um íþróttafrekssvið skólans auk þess sem samstarf er við önnur félög á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Skólinn kennir nemendum núvitund og gróskuhugmyndafræði meðal nemenda á fyrsta ári og býður starfsfólki að sækja núvitundarnámskeið og hefur verið í samstarfi við Núvitundarsetrið vegna þess.

15. Lokaorð skólameistara

Horft fram á veginn



Skólastarfið árið 2025 var afar farsælt í sögu skólans. Margt er að minnast og stendur þar hæst upp úr koma forseta Íslands en frú Halla Tómasdóttir heimsótti skólann í tilefni afmælis skólans og vígslu fyrstu útikennslustofunnar við framhaldsskóla á landinu. Þá er það þakkarvert hversu vel allt skólahald gekk á árinu og þá eru flestir þættir skólastarfsins komnir í fast form, þ.m.t. ýmis verkefni skólans og þjónusta, sbr. starfsþróunarverkefni fyrir starfsfólk, ritver skólans og raungreinaver, bekkjarkerfi á fyrsta ári o.fl. Þróunarstarf heldur engu að síður áfram og var ýmis nýbreytni tekin upp á árinu og verður forvitnilegt að fylgjast með framvindu þeirra verkefna á næsta ári, þá sérstaklega þróun rafræns kennsluumhverfis.

Nemendur stóðu sig vel á árinu 2025, mæting heldur áfram að batna á milli ára og brottfallið hefur aldrei verið minna. Þar sýna tölur okkur og viðhorfskannanir að aukinn stuðningur bekkjarkerfis á fyrsta ári skiptir máli og er það fyrirkomulag í skólastarfinu komið til að vera. Þá sýna kannanir að nemendur eru almennt ánægðir með skólann sinn og þá þjónustu sem hann veitir.

Rekstrarárið 2025 var einnig gott en á árinu skilaði skólinn rekstrarhagnaði í árslok. Niðurskurður síðustu ára er þó farinn að bíta í og er ljóst að ekki verður lengra komist hvað varðar aðhald og aðgerðir til að halda rekstri skólans innan fjárheimildar. Það er því alveg ljóst að fjárheimildina þarf að auka og verður í þeirri viðleitni haldið áfram með samtal við ráðuneyti menntamála enda brýn nauðsyn til.

Áfram er mikilvægt að hlúa að starfsanda stofnunarinnar og styðja starfsfólk skólans til aukinnar vellíðunar og tækifæra í starfi. Þá er einnig mikilvægt að halda á lofti fjölbreytni í kennsluháttum, enda framtíðin óráðin og örur breytingar í samfélaginu. Þar hafa skólastjórnendur lagt á það áherslu og hvatt til þess að vel sé fylgst með þróun tækninnar

hvað varðar hið rafræna umhverfi kennslu og notkun gervigreindar í kennslu. Alveg er ljóst að þetta verður eitt af meginviðfangsefnum skólastarfsins til framtíðar auk þess að styðja vel við farsæld nemenda, en innleiðing hennar, þ.e. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, var fyrirferðarmikil á starfsárinu.

Starfsfólk og nemendur Flensborgarskólans geta stolt horft fram á veginn og leiðarljós eru skýr og sóknarfæri mörg í síbreytilegu samfélagi. Allt vísar þá leiðina að hér geti skólastarf haldið áfram að vaxa og dafna þannig að Flensborgarskólinn geti stutt við nemendur sína til farsældar um ókomna tíð.

Hafnarfirði, dags.: 15. maí 2026

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,
Skólameistari